

Heilsuvernd

Upplýsingar fyrir nemendur á Landspítala

Landspítali gerir kröfur til nemenda og starfsmanna í samræmi við vinnuverndarlög, verklagsreglur um forvarnir og tilmæli sóttvarnarlæknis ([Dreifibréf nr.2/2018](#)).

Nemendur á Landspítala

Bólusetningar

Öllum nemendum er skylt að skila vottorði um að þeir hafi verið bólusettir með/fyrir:

- Boostrix polio: Barnaveiki (Diphtheria), stífkrampi (Tetanus), kikhósti (Pertussis) og mænusótt (Polio). Þessa bólusetningu þarf að endurnýja á 10 ára fresti.
- M-m rvaxpro eða Priorix (MMR): Mislingar (Morbilli), hettusótt (Parotitis epidemica) og rauðir hundar (Rubella). Nemandi þarf að hafa fengið sem barn tvær bólusetningar eða eina á fullorðinsaldri.

Vottorðið má fá með því að skrá sig með rafrænum skilríkjum inn á „Mínar síður“ á [heilsuvera.is](#).

- Vottorðinu skal skilað til viðkomandi háskóladeildar/-brautar eða umsjónarmanns verknáms áður en verklegt nám hefst á Landspítala.
- Ef nemandi þarf að uppfæra bólusetningar þá þarf hann að gera það á heilsugæslustöð a.m.k. 1 mánuði áður en komið er til starfsmannahjúkrunarfræðings á Landspítala.
- Mælst er til þess að nemendur í heilbrigðisvísindum séu bólusettir árlega gegn influensu.

Berklapróf

Öllum nemendum er skylt að fara í berklapróf áður en þeir hefja verklegt nám á spítalanum. Berklapróf eru gerð á Landspítalanum fyrir nemendur frá HÍ, FB og FÁ*. Þau eru auglýst af skrifstofum deilda á heilbrigðisvísindasviði HÍ, en nemar úr FÁ og FB (ef ekki er fyrirfram skipulagt) panti tíma í síma 543-1330.

Lifrabólga B

Nemendum í heilbrigðisgreinum er skylt að láta bólusetja sig gegn lifrabólgu. Bóluset er þrisvar á 6 mánaða tímabili. Önnur sprautan er gefin mánuði eftir hina fyrstu og sú þriðja 5 mánuðum síðar. Bólusetningar fara fram á Landspítala fyrir nemendur frá HÍ, FB og FÁ*. Þær eru auglýstar af skrifstofum deilda á heilbrigðisvísindasviði HÍ, en nemar frá öðrum skólum (ef ekki er fyrirfram skipulagt) panti í síma 543-1330.

MÓSA-próf

Ef nemandi hefur verið í verknámi, legið, eða unnið á erlendum sjúkrastofnunum sex mánuðum fyrir nám á Landspítala, eða áður greinst með MÓSA, þarf að rækta fyrir MÓSA (Meticillín ónæmur Staphylococcus aureus).

Neikvætt svar úr ræktun þarf að liggja fyrir áður en klínískt nám á Landspítala hefst.

Strok er tekið hjá starfsmannahjúkrunarfræðingi, panta þarf tíma í síma 543-1330. Svar liggur fyrir innan 2-3 sólarhringa.

Erlendir nemar / íslenskir nemar erlendis frá

Nemendum sem koma erlendis frá (íslenskum sem erlendum) er skylt að framvísa nýju svari úr berklaprófi, bólusetningavottorði, staðfestingu á bólusetningu gegn lifrabólgu B og nýju svari úr MÓSA-prófi, sem tekið skal eftir síðustu dvöl á klínískri deild. Sjá nánar hér fyrir ofan. Vottorðunum skal skilað til hlutaðeigandi deildar við upphaf námsdvalar. Þeir nemendur sem ekki framvísa þessum vottorðum geta ekki stundað nám á spítalanum. Sjá upplýsingar á ensku á eftirfarandi síðu: <http://www.landspitali.is/?PageID=17536>

Íslenskir nemendur sem fara utan

Nemendur sem fara utan í verknám þurfa sjálfir að sækja sér bólusetningar og vottorð til heilsugæslustöðva.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá starfsmannahjúkrunarfræðingum Landspítala.

Landspítala, maí 2020
Menntadeild – mannauðssvið